

REGLUGERÐ

um viðbúnað og viðbrögð við smitsjúkdómum í dýrum.

I. KAFLI

Gildissvið og tilgangur

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um tilkynningarskylda smitsjúkdóma, sem tilgreindir eru í I. kafla reglugerðar nr. 52/2014, um tilkynningar- og skráningarskylda dýrasjúkdóma og smitsjúkdóma áður óþekkta í dýrum hér á landi.

Reglugerðin gildir þó ekki um sjúkdómana riðuveiki og garnaveiki sem sérstakar reglugerðir gilda um.

2. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að mæla fyrir um viðbúnað og viðbrögð við smitsjúkdómum í dýrum.

II. KAFLI

Almenn ákvæði

3. gr.

Brugðist skal við smitsjúkdómum í dýrum sem reglugerð þessi tekur til eftir því sem við á hverju sinni, sbr. lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Matvælastofnun stýrir viðbrögðum við smitsjúkdómum í dýrum og útrýmingu þeirra, sbr. ákvæði reglugerðar þessarar.

Ráðherra setur reglur og fyrirmæli, að fenginni tillögu Matvælastofnunar, um hverjar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru hverju sinni.

5. gr.

Í tengslum við gerð tillögu um aðgerðir gegn þeim sjúkdómum í dýrum sem reglugerð þessi tekur til skal Matvælastofnun leita eftir ráðgjöf og samvinnu við viðeigandi sérfræðinga og stofnanir.

6. gr.

Matvælastofnun skal gefa út viðbragðsáætlun sem unnið er eftir þegar upp kemur grunur um smitsjúkdóm í dýrum sem reglugerð þessi tekur til eða þegar slíkur sjúkdómur greinist. Viðbragðsáætlunin skal birt opinberlega.

7. gr.

Matvælastofnun skal sjá til þess að starfsfólk stofnunarinnar haldi reglulegar æfingar í viðbrögðum við alvarlegum smitsjúkdómum í dýrum og bjóði öðrum viðbragðsaðilum að taka þátt í slíkum æfingum.

III. KAFLI

Tilkynningar og fyrstu viðbrögð.

8. gr.

Öllum er skylt að tilkynna án tafar til dýralæknis eða til lögreglu ef þeir hafa ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem reglugerð þessi tekur til. Rík tilkynningarskylda hvílir á eigendum og umráðamönnum dýra í þessu tilliti. Dýralæknir og lögregla skulu upplýsa Matvælastofnun um tilkynninguna án tafar.

9. gr.

Verði dýralæknir var við eða hafi hann grun um að upp sé kominn alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum, skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón sem af honum getur leitt. Dýralæknirinn skal tafarlaust tilkynna Matvælastofnun um sjúkdóminn og gera þær ráðstafanir sem þurfa þykir í samráði við stofnunina.

10. gr.

Þegar tilkynntur er grunur um smitsjúkdóm skal Matvælastofnun tafarlaust gera ráðstafanir til þess að fá sjúkdóminn greindan og hindra útbreiðslu hans.

IV. KAFLI

Aðgerðir.

11. gr.

Þegar staðfest greining liggur fyrir um sjúkdóm sem reglugerð þessi tekur til, skal Matvælastofnun:

- a) leggja til við ráðherra að lýst sé opinberlega yfir að viðkomandi staður sem dýrið er á sé sýktur,
- b) leggja til við ráðherra að skilgreind séu takmörkunarsvæði umhverfis staðinn þar sem sérstakar ráðstafanir skulu gilda, í samræmi við eðli viðkomandi sjúkdóms og
- c) virkja viðbragðsáætlun stofnunarinnar.

12. gr.

Matvælastofnun skal leggja fram tillögu til ráðherra að fyrirskipunum um aðgerðir sem, eftir því sem við á, skulu m.a. fjalla um:

- a) takmarkanir á ferðum og flutningi á fólki, dýrum, afurðum, farartækjum og öllu öðru sem getur verið sóttmengað og valdið dreifingu á smitefninu,
- b) aflífun eða slátrun á dýrum sem geta borið smitið og valdið dreifingu á smitefninu, og förgun á sóttmenguum hræjum,
- c) eyðingu, vinnslu, ummyndun eða meðhöndlun á afurðum, fôðri, tækjum, vatni og öðru sem getur verið sóttmengað, þannig að tryggt sé að smitefnið eða smitferjan sé eyðilögð,
- d) bólusetningu eða lyfjameðhöndlun dýra,
- e) einangrun eða meðhöndlun dýra og afurða sem eru líkleg til að vera sóttmenguum og geta valdið dreifingu á smitefninu,
- f) þrif, sóttþreinsun, varnir gegn skordýrum og nagdýrum eða aðrar sóttvarnir sem nauðsynlegar eru á viðkomandi stað, til að lágmarka hættu á dreifingu smitefnisins,
- g) töku á nægilegum fjölda sýna fyrir faraldsfræðilega rannsókn,
- h) rannsókn á sýnum og
- i) aðrar viðeigandi aðgerðir.

Við ákvörðun um hvaða aðgerðir eru viðeigandi skal tekið mið af eðli smitsjúkdómsins og eðli starfsemi á þeim stað þar sem dýr með smitsjúkdóminn eru.

Aðeins er heimilt að taka dýr að nýju þegar öllum sóttvarnaraðgerðum sem fyrirskipaðar voru er lokið, þær teknar út og samþykktar skriflega af Matvælastofnun auk þess sem öll nauðsynleg sýni hafa verið rannsökuð. Þá er móttaka nýrra dýra auk þess bundin því skilyrði að nægilega langur tími hafi liðið til að líkur á endursmiti séu eins litlar og ásættanlegt getur talist að mati Matvælastofnunar.

13. gr.

Við gerð tillögu til ráðherra að skilgreiningu á takmörkunarsvæðum umhverfis þann stað sem sjúkdómur greinist á, skal Matvælastofnun taka mið af:

- a) eðli sjúkdómsins,
- b) landfræðilegum aðstæðum,
- c) vistfræðilegum og vatnafræðilegum aðstæðum,
- d) veðurfarslegum aðstæðum,
- e) tilvist, dreifingu og tegund smitferja,
- f) niðurstöðu faraldsfræðilegrar rannsóknar,
- g) niðurstöðum rannsókna á sýnum,
- h) sóttvarnaraðgerðum sem framkvæmdar hafa verið og
- i) öðrum viðeigandi faraldsfræðilegum þáttum.

Matvælastofnun skal stöðugt hafa ofangreint mat til skoðunar og eftir því sem við á, aðlaga stærð og lögun takmörkunarsvæða og skilgreina ný takmörkunarsvæði.

14. gr.

Á meðal þeirra ráðstafana sem Matvælastofnun skal leggja til við ráðherra að gildi á takmörkunarsvæðum skal vera, eftir því sem við á:

- a) auðkenning á þeim stað sem smituð dýr eru haldin,
- b) heimsóknir á staðinn og nauðsynleg skoðun, sýnataka og rannsóknir,
- c) skilyrði um ferðir og flutning á fólki, dýrum, afurðum, fóðri, farartækjum og hverju öðru sem getur verið sóttmengað og valdið dreifingu á smitefninu innan og út af takmörkunarsvæðinu,
- d) kröfur um sóttvarnir fyrir
 - i. framleiðslu, vinnslu og dreifingu á dýraafurðum,
 - ii. söfnun og förgun aukaafurða dýra og
 - iii. söfnun, geymslu og meðhöndlun erfðaefnis dýra
- e) bólusetning og lyfjameðhöndlun dýra,
- f) þrif, sóthreinsun, varnir gegn skordýrum og nagdýrum eða aðrar nauðsynlegar sóttvarnir,
- g) tilnefning á sláturhúsum eða matvælafyrirtækjum sem hafa heimild til að taka við dýrum eða afurðum frá takmörkunarsvæðum,
- h) kröfur um auðkenningu og rekjanleika á flutningum á dýrum, erfðaeфni dýra eða dýraafurðum og
- i) aðrar nauðsynlegar sóttvarnir og áhættuminnkandi aðgerðir til að lágmarka áhættu af dreifingu sjúkdómsins.

Matvælastofnun skal gera allar nauðsynlega ráðstafanir til að upplýsa fólk á takmörkunarsvæðum um þær takmarkanir sem í gildi eru og um eðli sóttvarna. Jafnframt skal Matvælastofnun gefa viðkomandi aðilum fyrirmæli um ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari dreifingu sjúkdómsins.

Við gerð tillögu til ráðherra um aðgerðir á takmörkunarsvæðum, skal Matvælastofnun taka mið af eðli sjúkdómsins, eðli starfsemi og möguleika, aðgengi og virkni sóttvarna.

Aðgerðum á takmörkunarsvæðum skal viðhaldið þar til framkvæmdar hafa verið viðeigandi sóttvarnaaðgerðir, þ.e. þrifum, sóthreinsun, skordýra- og nagdýravörnum komið á eða öðrum viðeigandi sóttvarnaaðgerðum er lokið. Ef við á, að eftirlit sem sýnir fram á útrýmingu smitefnisins hafi farið fram.

15. gr.

Matvælastofnun hefur heimild til þess að leggja til við ráðherra að fyrirskipuð sé neyðarbólusetning og skal þá setja upp bólusetningaráætlun og skilgreina bólusetningarsvæði.

V. KAFLI

Önnur ákvæði.

16. gr.

Um kostnað og bætur sem hljóta af framkvæmd reglugerðar þessarar fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

17. gr.

Um brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt 30. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

18. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993 og styðst við lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998 og lög um velferð dýra, nr. 55/2013 ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um viðbrögð við smitsjúkdómum, nr. 665/2001, ásamt síðari breytingum.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Kolbeinn Árnason.

DRÖG



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. nóvember 2021
Tilvísun: 2021110156/50.12

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um viðbúnað og viðbrögð við smitsjúkdómum í dýrum

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar drög að reglugerð um viðbúnað og viðbrögð við smitsjúkdómum í dýrum, mál nr. 208/2021 í samráðsgátt. HER hefur farið yfir drögin og gerir eftirfarandi umsögn.

HER telur nauðsynlegt að tekið sé fram í reglugerðinni að MAST þurfi að hafa samráð við heilbrigðiseftirlit á viðkomandi svæði um förgun, meðhöndlun og flutning á hræjum af sýktum dýrum og úrgangi þeim tengdum. Tryggja þarf að urðun eða förgun eigi sér stað á stað sem hafi til þess tilskilin leyfi og hugað sé að þáttum eins og hættu á mengun yfirborðsvatns eða grunnvatns ef opna á nýjan urðunarstað fyrir úrganginn. Flutningur úrgangs er háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar og þarf flutningur á sýktum dýrum og úrgangi að vera í höndum aðila sem hefur til þess gilt starfsleyfi. Tryggja þarf að úrgangurinn sé í þéttum, lekaheldum gámum eða öðrum ílátum við flutning. Flutningur af þessu tagi getur verið milli landshluta, yfir sveitarfélagsmörk, gegnum þéttbýli og milli sóttvarnarhólfa, mikilvægt er að búið sé að tryggja fullnægjandi framkvæmd og leyfi til að koma í veg fyrir mengun auk smithættu. Hlutverk MAST tekur ekki til eftirlits eða starfsleyfisútgáfu fyrir slíkan flutning og meðhöndlun úrgangs og því þarf hlutverk heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga einnig að vera skýrt í reglugerðinni..

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi